# Stefnumótun Knattspyrnusambands Íslands -samantekt

# Gildi KSÍ

VIRÐING

SAMSTAÐA

GLEÐI

FRAMSÆKNI

# Framtíðarsýn

# Framtíðarsýn KSÍ  - árið 2022

- Leiðtogahlutverk knattspyrnunnar
  - KSÍ er leiðandi á sviði íþrótta á Íslandi í krafti iðkendafjölda og mikilvægur þátttakandi í að stuðla að heilbrigði, hollu líferni og þroska ungmenna samkvæmt rannsóknum.  Með markvissu starfi, einstöku samstarfi við stuðningsmenn og gegnsæjum vinnubrögðum hefur okkur tekist að fjölga iðkendum, þátttakendum og áhorfendum og styrkja ímynd sambandsins í huga almennings, félaganna og samstarfsaðila.

# Framtíðarsýn KSÍ  - árið 2022

- Árangur innan vallar
  - Tekist hefur að nýta meðbyr og lærdóm af góðum árangri landsliða til að festa Ísland í sessi í 1-2. styrkleikaflokki A-landsliða.  Íslenskt félagslið hefur náð inn í riðlakeppni Evrópu og einstök samfella hefur náðst í félagsstarfi, þjálfun, ferlum og uppbyggingu aðstöðu fyrir okkar fólk frá yngri flokkum uppí afreksstarf.

# Framtíðarsýn KSÍ  - árið 2022

- Traustur fjárhagur
  - hallalaus rekstrarsaga, verðmæt framlög til aðildarfélaga og vönduð ákvarðanataka í bland við skýra upplýsingagjöf hafa aukið einingu og traust innan hreyfingarinnar.  Góður knattspyrnulegur árangur og markaðsstarf hefur rennt sterkum stoðum undir tekjuöflun sambandsins.

# Framtíðarsýn KSÍ  - árið 2022

- Aukin sjálfvirknivæðing
  - Markvisst hefur verið unnið í þróun ferla og kerfa í átt að aukinni sjálfvirkni. Við höfum markvisst haldið áfram að bæta aðstöðu og fræðslu.  Hlutfall menntaðra þjálfara í yngri flokkum og umfang aðstöðu á hverja þúsund íbúa eiga sér fáar hliðstæður.  Nýr þjóðarleikvangur sérsniðinn að þörfum okkar er kominn á byggingarstig.  Við höfum náð miklum árangri í að skrásetja helstu ferla, auka áreiðanleika og aðgengi að upplýsingagrunnum og tryggja þannig samfellu í starfinu.

# Framtíðarsýn KSÍ  - árið 2022

- Aukin starfsánægja
  - Við höfum aukið frumkvæði okkar í samstarfi við aðildarfélögin og beitt okkur í að fjölga sjálfboðaliðum innan hreyfingarinnngar.  Starfsmannahópurinn er samheldinn, vinnur í anda gilda okkar og hreyfingarinnar í heild og hefur sett sér það markmið að viðhalda gleðinni í starfinu innan og utan vallar.

# Helstu markmið

# Helstu markmið

- Fjölga þátttakendum
- Aukum aðsókn á leiki
- Viðhalda góðri stöðu á heimslista
- Halda jákvæðu viðhorfi til KSÍ
- Halda jákvæðri afkomu og góðum framlögum til félaga
- Auka hlut rafrænna ferla og sjálfsafgreiðslu
- Viðhalda góðri starfsánægju
- Efla samskipti við aðildarfélög